

# Reglugerð um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

## 1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að skapa skilyrði fyrir frjálsri þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

## 2. gr.

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki þar til bærar yfirvalds sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 og hefur umsjón með skráningu fyrirtækja og stofnana frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## 3. gr.

Faggildingarsvið Einkaleyfastofu annast faggildingu vottunaraðila og hefur eftirlit með störfum þeirra, sbr. 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

## 4. gr.

Staðlaráð Íslands er lögbær staðlastofnun, sbr. viðauka II við reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

## 5. gr.

Fyrirtækjum og stofnunum sem eru aðilar að EMAS er einungis heimilt að nota merki EMAS, sbr. viðauka V við reglugerð (EB) nr. 1221/2009, ef þau eða þær eru með gilda EMAS skráningu. Notkunin skal fylgja skilmálum í 10. gr. áðurnefndrar reglugerðar.

Íslenskur texti með merki EMAS, sbr. viðauka V við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 er: Vottuð umhverfisstjórnun.

## 6. gr.

Um kostnað við skráningu fyrirtækja eða stofnana fer samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Um kostnað við faggildingu vottunaraðila og eftirlit með störfum þeirra fer samkvæmt gjaldskrá faggildingarsviðs Einkaleyfastofu.

## 7. gr.

Heimilt er að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti með fyrirtækjum sem taka þátt í EMAS, sbr. reglugerð um mengunarvarnaeftirlit.

## 8. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á reglugerð þessari skal farið samkvæmt VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

## 9. gr.

Eftirfarandi EB-gerð skal öðlast gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB, sem vísað er til í tölulið 1ea, I. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2012, frá 13. júlí 2012, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59 frá 18. október 2012, 2012/EES/59/42, bls. 757-801.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1505 frá 28. ágúst 2017 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS), sem vísað er til í tölulið 1ea, I. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2017, þann 15. desember 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7 frá 1. febrúar 2018, bls. 533-552.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2026 frá 19. desember 2018 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS), sem vísað er til í tölulið 1ea, I. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2019 frá 8. maí 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 20. júní 2019, bls. 127-133.

#### 10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. töl. 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hvað varðar hlutverk faggildingarsviðs Einkaleyfastofu, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 24/2006 um faggildingu o.fl.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS), með síðari breytingum.

#### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.